



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

13. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 14. janúar 2020 kl. 17 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

- Bókun vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Í framhaldi af samþykki Héraðsnefndar Árnesinga á haustfundi 2019 og samþykktir aðildarsveitarfélaga um framkvæmdir við Búðarstíg 22 samþykkir stjórn Byggðasafns Árnesinga eftirfarandi bókun:
Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 120.000.000 kr., til 15 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2035 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er lánið tekið til að fjármagna viðgerðir á húsnæði Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka, Búðarstíg 22. Lánið verður tekið í tveimur hlutum.
Jafnframt er Lýði Pálssyni, kt. 300666-2999, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Byggðasafns Árnesinga að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.
- Staða safnvarðar. Starfið var auglýst í fjölmiðlum í byrjun nóvember með umsóknarfresti til 1. desember. Það bárust 25 umsóknir. Sex vel hæfum umsækendum var boðið viðtal við safnstjóra. Stjórn safnsins var á meðan á ferlinu stóð haldið upplýstri um stöðu mála. Ákveðið var að bjóða Ragnhildi Elísabetu Sigfúsdóttur íslenskufraeðingi og nema í safnafræði starfið og mun hún koma til starfa 2. mars næstkomandi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga staðfestir ráðninguna og býður Ragnhildi velkomna til starfa.
- Styrkumsóknir í Húsafriðunarsjóð og Safnasjóð. Safnstjóri kynnti styrkumsóknir safnsins í Húsafriðunarsjóð og Safnasjóð. Þessi fundarliður verður tekinn fyrir að nýju þegar niðurstöður umsókna liggja fyrir.
- Verkefni sem unnið er að um þessar mundir. Safnstjóri kynnti helstu verkefni safnsins. Hann starfar einn á safninu um þessar mundir nema að því leyti að lausráðnir starfsmenn hafa verið við gæslu og leiðsögn í október og á jólasýningu. Jafnframt er lausráðinn starfsmaður að vinna að skönnun ljósmynda fyrir gagnagrunninn Sarp. Jólادagskrá safnsins var með hefðbundnu sniði og vel sótt. Þorrasýning verður fyrir leikskóla á þorra. Verið er að leggja drög að sýningum ársins og verður það kynnt er nær dregur. Mikill tími safnstjóra hefur farið í að sinna málefnum Búðarstígs 22 og er Þjóðminjasafn Íslands búið að koma tækniminjum sínum fyrir í nýðri hluta skemmunnar. Fljótlega verður farið að flytja gripi úr Mundakotsskemmu og Hafnarbrú 3 í syðri hluta skemmunnar með aðstoð lausráðinna starfskrafta. Nýr safnvörður kemur til starfa mánudaginn 2. mars og mun þá innra starf safnsins eflast aftur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.

Árni Eiríksson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson